

FRÉTTABRÉF LANDSKJÖRSTJÓRNAR



Útgefnar skýrslur

- ÁRSSKÝRSLA 2024
- SKÝRSLA UM UNDIRBÚNING OG FRAMKVÆMD ALÞINGIS-KOSNINGANNA 2024
- UMSÖGN TIL ALÞINGIS VEGNA KOSNINGA TIL ALÞINGIS
- SKÝRSLA UM UNDIRBÚNING OG FRAMKVÆMD FORSETA-KOSNINGANNA 2024

Landskjörstjórn stefnir að því að gefa út fréttabréf um starfsemi sína u.þ.b. tvisvar á ári.

Síðastliðið ár var annasamt hjá landskjörstjórn þar sem bæði voru haldnar forseta- og alþingiskosningar auk sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Á landskjoerstjorn.is má nálgast ársskýrslu landskjörstjórnar og skýrslur um kosningarnar.

Stefnumótun

Landskjörstjórn og starfsfólk skrifstofu landskjörstjórnar átti vel heppnaðan vinnufund í byrjun maí þar sem farið var í stefnumótun fyrir starfið framundan.



Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí 2026


Á döfinni hjá landskjörstjórn

HEIMSÓKNIR

Landskjörstjórn hefur sett sér það markmið að heimsækja allar yfirkjörstjórnir sveitarfélaga fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Nú þegar hafa 30 kjörstjórnir verið sóttar heim og eru fleiri heimsóknir á döfinni. Það hefur verið tekið afskaplega vel á móti landskjörstjórn á öllum stöðum og er afar gagnlegt að eiga samtal um verkefnin og hlutverk okkar allra.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

Landskjörstjórn er farin að huga að ýmsu varðandi sveitarstjórnarkosningarnar sem fara fram 16. maí 2026. Undirbúningur fyrir rafrænt meðmælakerfi er á lokametrunum, svipað því og notað var í bæði forseta- og alþingiskosningum á síðasta ári. Yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga mun standa til boða að nýta kerfið sem verður kynnt betur síðar.



Við óskum ykkur gleðilegs sumars og hlökkum til samstarfsins

Endurnýjun atkvæðakassa

Landskjörstjórn undirbýr nú endurnýjun atkvæðakassa á landsvísu, en þeir sem notaðir hafa verið hingað til eru margir hverjir komnir til ára sinna, þungir og að ýmsu leyti óhentugir.

Landskjörstjórn hefur því leitað að atkvæðakössum sem standast kröfur um öryggi en eru líka léttir, meðfærilegir og endingargóðir og hefur fengið send sýnishorn af nokkrum tegundum.

Stefnt er að því að nýir atkvæðakassar verði teknir í notkun fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí á næsta ári.



Landskjörstjórn